

**Ed. 544. Breytingartillögur [198. mál]**

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 79 6. sept. 1974, um fjáröflun til vegagerðar, sbr. lög nr. 78/1977, um breyting á þeim lögum.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar (ÓRG, KJ, GB, DA).

1. Við 1. gr. frv. Greinin orðist svo:
  1. málsgr. 2. gr. laganna orðist svo:

Af öllum bifreiðum og bifhjólum skal frá og með árinu 1983 greiða árgjald, veggjald, sem skal renna óskipt til vegagerðar. Skal gjaldið nema kr. 1.00 af hverju kílógrammi eigin þyngdar bifreiðar upp að 2000 kg, kr. 0.70 fyrir hvert kg frá 2001 kg til og með 5000 kg eigin þyngdar hvernar bifreiðar og kr. 0.50 fyrir hvert kg þar umfram. Þó skal hámark veggjalds vera 7600 kr. fyrir hverja bifreið.
2. 5. gr. frumvarpsins verði 6. gr., en við bætist ný grein er verði 5. gr. og orðist svo:

Tollur á vörum í tollskrárnúmeri 40.11.20 í 1. gr. laga nr. 120 31. des. 1976, um tollskrá o. fl., lækki úr 40% í 20%.
3. Heiti frumvarpsins verði:

Frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 79 6. sept. 1974, um fjáröflun til vegagerðar, sbr. lög nr. 78/1977, um breyting á þeim lögum, og um breyting á lögum nr. 120 31. des. 1976, um tollskrá o. fl., með áorðnum breytingum.